

12. <i>Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur</i> var í ársbyrjun 1894		
að upphæð alls . . . . .	kr. 16232,80	
Hjer af var á árinu gefið til að koma upp íshúsi í Reykjavík	— 2000,00	
Er sjóðurinn því í árslok 1894 . . . . .	kr. 14232,80	

59

13. <i>Varasjóður bankans</i> var í byrjun ársins 1894 . . . . .	kr. 116136,22
Hjer frá dregst tap á 2 bankalánum . . . . .	— 2015,00
	<u>kr. 114121,22</u>

Hér við bætast:

a. Vextir af þessari upphæð fyrir árið 1894 . . . . .	3994,24	
b. Sá hluti af ágóða bankans fyrir 1894, er reikningslega tilheyrir varasjóði 31. desbr. 1894 . . . . .	<u>19306,94</u>	kr. 23301,18
		<u>kr. 137422,40</u>

Hjer við bætist svo enn fremur mismunur á nafnverði kgl. skuldabryjefa þeirra og annara útlendra verðbryjefa, er bankinn átti 31. desbr. 1894 og gangverðs þess, er brjef þessi höfðu nefndan dag . . . . .

	kr. 3682,50
--	-------------

Varasjóður landsbankans telst því 31. desember 1894 . . . . .

	kr. 141104,90
--	---------------

14. Af þeim 97753 krón. 27 a. sem voru í sjóði 31. desbr. 1894, voru:	
í ensku og dönsku gulli . . . . .	kr. 16000,00
- útlendum seðlum og vaxtamiðum . . . . .	— 9400,00
- silfri og kopar . . . . .	— 8353,27
- ísl. seðlum . . . . .	— 64000,00
(þar af 1000 hjá Landmandsbankanum)	
	<u>kr. 97753,27</u>

Stjórn landsbankans 24. apríl 1895.

*Tryggvi Gunnarsson. B. Kristjánsson. Eiríkur Briem.*

## Leiðarvísir til líkskoðunar

60

*fyrir alþýðu á Íslandi.*

Saminn af landlækni.

Leiðarvísir þessi skýrir fyrir alþýðu, hvernig fara skuli með lík, greinir frá hinum vissustu dauðaeinkennum og þýðingu þeirra. Tilgangur með þessum leiðvísir er sá, að bæta, að svo miklu leyti hægt er, úr því, að hjer á landi eru engir sjerstakir líkskoðunarmenn.

Eigi skal taka lík úr rúmi, sem dauðann hefur borið að í, fyrr en 6 stundir eru að minnsta kosti liðnar frá því maðurinn skildi við; sje eigi hægt að kistuleggja fyr en eptir marga daga, skal líkið eigi látið liggja í rúmfötunum, heldur sje það tekið úr rúminu og lagt til á fjalir, hurð eða þvillikt.

Sitji fólk í því húsi (herbergi), sem einhver er dáinn í, skal, ef hægt er, bera líkið að sex stundum liðnum burt úr húsinu, að svo miklu leyti, sem það

60 má samrýma við það, sem síðar verður sagt í leiðarvísi þessum, þá er dauðann ber hastarlega að höndum.

Þar sem eigi verður hjá því komizt, að fólk verði að sitja og sofa í sama húsi og lík stendur uppi í, verður að sjá um að hleypa góðu lopti inn við og við; nályktinni má koma á burt með því við og við að hella dálitlu af sjóðandi vatni á hrátjöru og láta ílátið standa í húsinu; einnig má brúka karbólvatni (50/o) og sje því þá skvett á gólfíð opt á dag; einnig má brúka klórkalk eða leysa sundur í vatni yfirmangansúrt kali, sje hægt að nálgast það.

Verði því ekki komið við að lækur sjái og skoði líkið, má ekkert lík jarða og eigi loka kistunni nje flytja líkið langt burt fyrr en þau dauðaeinkenni eru komin í ljós, sem samkvæmt þessum leiðarvísi eru talin áreiðanleg; og hafi dauðann þorið hastarlega að höndum án nokkurs dauðastríðs, má ekki leggja líkið til á afskekkjum stað, nema því að eins, að einhver sje einlægt yfir því, en þó þarf þessa ekki úr því áreiðanleg dauðaeinkenni eru komin í ljós eða lækur hefur skodað líkið; eigi má heldur láta líkið þar, sem eigi er hægt að verja það móti ofmiklum kulda.

*Dauðaeinkenni* þau, sem alþýða skal fara eptir eru þessi:

1. *Nálykt*; vel verður að greina hana frá lyktinni af meðölum þeim, sem kynnu að hafa verið brúkuð til þess að eyða sóttarefni eða vondri lykt svo sem klórkalk og lykt af kistunni.

2. *Dauðastirðnan*; hún er fólgin í því að öll liðamót stirðna í sjerhverju líki nokkru eptir dauðann og helzt hún við skemri eða lengri tíma, þar til stirðleikinn hverfur aptur að 1 eða 2 dögum liðnum og öll liðamót liðkast aptur; stríðleikinn er vanur að koma fyrst í neðri kjálkann og þar hverfur hann einnig fyrst. Sje líkið stirnað, má telja dauðann vísan; en þess verður að gæta að greina sundur þennan stríðleika frá þeim, sem kemur í allan líkamann er hann hefur legið í miklum kulda.

3. *Augun eru brostin*; augun eru sokkin, lin, gljáinn er horfinn og móða komin á augun.

4. *Likblettir* eru komnir á líkið, sem orsakast af því, að blóðið sígur niður á þann part líkamans er hann hvílir á og eru blettirnir því venjulega á bakinu og aptanverðu á útlimunum. Likblettirnir líkjast mari, dimmrauðir eða blárauðir á lit; fyrst eru þeir líkt og smá marblettir eða rákir, en stækka svo og geta orðið á við lófastærð og enn stærri.

5. *Grænum eða blágrænum lit slær á kviðinn*. Þess skal getið að greina verður lit þennan frá þeim lit, sem kynni að hafa komið á kviðinn eptir áburð eða plástur, sem þvo má optast af. Þessi græni litur kemur af rotnun og er áreiðanlegt dauðaeinkenni. Á veturnum ber opt eigi á þessum græna lit fyrr en marga daga eptir dauðann.

6. Þegar rotnunin fer að ágerast, blæs kviðurinn upp; þroti kemur í höfuð og andlit, sem breytist að lit; útúr nefinu og munnum rennur opt daunill froðu-vilsa; smásaman verður andlit, háls og búkur blágrænn, skinnið vill losna af og opt koma stórar blöðrur á líkið og er rotnunarlyktin auðfundin.

Af öllum þessum nú greindu dauðaeinkennum, er rotnunin hið áreiðan-

legasta og almenningur ætti því helzt að fara eptir henni. Skoði annar en læknir líkið, ætti sú skoðun helzt eigi að fara fram svo tímanlega að græni liturinn á kviðnum sje eigi kominn í ljós. Í Danmörku mega hinir föstu lík-skoðunarmenn eigi skoða líkið fyrr en 3 dagar eru liðnir frá því dauðann bar að, nema því að eins að ótvílug rotnunareinkenni sjeu þegar komin í líkið; hjer á landi, þar sem loptslagið er kaldara, koma rotnunareinkennin optast seinna í ljós.

Þegar því alþýðumenn þá fyrst skoða líkið, þegar liðnir eru 3 til 4 dagar frá því dauðann bar að, mun dauðastirðnanin optast vera horfin aptur og ef svo væri, að eigi væri kominn greinilegur grænn litur á kviðinn, þá verða hin dauðaeinkennin (nályktin, augun brostin, líkblettir) að vera augljós, er ólæknisfróður maður skal votta að maðurinn sje dauður.

Þegar næmir sjúkdómar ganga eða landfarsótt gengur, má vera að ástæða sje til að koma líki fyrr á burt o. s. frv. og kveður þá hlutadeigandi yfirvald nákvæmlega á um það, og eins hvort nauðsynlegt sje að viðhafa sóttvarnarmedöl o. s. frv. sem eigi skal nákvæmar getið hjer.

Hafi einhver ráðið sjer bana, lík rekið, eða einhver fundist dauður eða þegar einhver hefur dáíð vofeiflega eða þegar hið opinbera hefur hafíð rannsókn útaf dauða einhvers eða þegar líkur eru þess, að yfirvaldið ætti að skipta sjer af því, hver hafi verið dauðaorsökin, skal eigi jarða líkið, fyrr en yfirvaldið, sem næst býr, hefur skoðað það og þá helzt ef hægt er, ásamt tilkvöddum lækni og yfirvaldið er búíð að lýsa því yfir, að hið opinbera sjái eigi neitt því til fyrirstöðu, að líkið sje jarðað.

Standi svo á, að veður eða því líkt sje því til fyrirstöðu að fyrrnefnd rannsókn á líkinu geti farið fram, skulu þeir sem viðstaddir eru, áður líkið er jarðað, sjá um að útvega sjer sem beztar upplýsingar um hinn liðna og hvernig dauðann hafi borið að, og getur yfirvaldið síðar hagnýtt sjer það. Sje sá dauði mönnum ókunnur, skal athuga sem bezt allt, sem kynni að geta miðað til þess að komast að því með vissu, hver maðurinn sje.

#### *Þannig skal athuga:*

Hvernig líkið er klætt, hvert fat fyrir sig, gæta að því hvort stafir eða þvílíkt kynnu að finnast á fötunum;

kynferðið, líklegan aldur, öll sjerstök einkenni (ör, móðurmerki, myndnir í hörundinu o. s. frv.);

hvar líkið fannst, hvar dauðann hefur borið að og skal lýsa því sem bezt; dag og stund er líkið fannst;

hvernig líkið lá, er það fannst og hvernig hagað var til umhverfis það; hvort vottur um nokkurn útvortis áverka sjáist á líkinu;

hvort rotnun eða önnur viss dauðaeinkenni sjeu komin í ljós.

Loks skal þess getið, að allajafna þegar hugsanlegt væri, að lífga mætti manninn, bera menn fulla ábyrgð á því, sje eigi allt það gjört, sem hægt er, til endurlífgunar, svo sem að sækja lækni eða leita hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í stað til læknis.

*Athugasemd.* 5% karbólvatn er þannig tilbúið, að blandað er 45 kvintum

**60** at hreinni karbólsýru með 4 pottum af heitu vatni. *Klóralk* brúkast sem duft; sje það eigi notað strax, verður að geyma það í vel tilluktu glasi og í dimmu.

*Yfirmangansúrt kali* eða mangansúrt kali (*hypermanganas kalicus*) er þannig brúkað, að látin er 1 teskeið í 1 eða 2 potta vatns og ílátið (skál) látið standa, eitt eða fleiri, í húsinu, sem líkið stendur uppi í.

\* \* \*

Leiðarvísir þessi er gefinn út samkvæmt ályktun alþingis 1893 og ráðgjafabrjefi 1. marz 1894, og skal sendur öllum bæjarstjórnnum og hreppsnefndum til útbýtingar á hvert heimili.

Landshöfðinginn yfir Íslandi 1. maí 1895.

**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

61

## Á g r i p

af reikningi landsbankans 1. jan. til 31. marz 1895.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. janúar 1895 . . . . .	kr. 97753 27
2. Borgað af lánum:	
a. Fasteignarveðslán . . . . .	kr. 16300 18
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán . . . . .	10456 55
c. Handveðslán . . . . .	5571 98
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. . . . .	695 87
	33024 58
3. Fasteign lögð bankanum út fyrir láni að upphæð . . . . .	1215 00
4. Vixlar innlestir . . . . .	41771 51
5. Ávísanir innlestar . . . . .	3361 80
6. Vextir . . . . .	5951 54
7. Disconto . . . . .	997 04
8. Ýmislegar tekjur . . . . .	290 85
9. Seld kgl. ríkisskuldabryjef, að upphæð 50000 kr. fyrir . . . . .	51261 19
10. Fasteign tilheyrandi bankanum seld . . . . .	1215 00
11. Tekjur í reikning Landmandsbankans (fyrir seldar ávísanir o. fl.)	150800 31
12. Innlög á hlaupareikning . . . . .	26781 55
13. Sparisjóðsinnlög . . . . .	126767 11
	kr. 541190 75

Gjöld:

1. Lán veitt:	
a. Fasteignarveðslán . . . . .	32025
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán . . . . .	17291
d. Handveðslán . . . . .	3200
	52516 00
2. Vixlar keyptir . . . . .	53769 08
3. Ávísanir keyptar . . . . .	3702 29
4. Keypt útlend verðbrjef að upphæð 50,000 kr. fyrir . . . . .	50738 19
5. Til Landmandsbankans . . . . .	84398 63
	Flyt 245124 19